

Nd.

74. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Flm.: Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

- a. hafi búið á jörðinni minnst 1 ár;
- b. gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali;

c. fyrir liggja yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.

Þó getur hann skotið þeirri umsókn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

2. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 1. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á rikissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn a-liður 47. gr. l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um ættaróðal og erfðaábúð er ábúendum þjóð- og kirkjujarða veittur réttur til að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, ef þeir hafa fengið erfðaábúð á jörðinni. Þótt enn séu ekki full 2 ár, síðan ákvæði þessi fengu lagagildi, hafa ýmsir notfært sér þau. Sá galli þykir þó á, að þessi ákvæði taka aðeins til þeirra leiguliða, sem hafa erfðaábúð á jörð. Nú hefur breyting á ábúðinni í erfðaábúð talsvert umstang og skriftir í för með sér, bæði fyrir ábúanda og hið opinbera eða umboðsmenn þess, og sé þessi breyting eingöngu gerð til að geta keypt jörðina strax á eftir, sem gera má ráð fyrir, að oft eigi sér stað, þá virðist ástæðulaust með öllu að valda ábúanda og umboðsmönnum með þessu óþarfa fyrirhöfn. Það er og augljóst, að leiguliðar vilja helst losna við þessa krókaleið, því að árlega liggja fyrir Alþingi beiðnir frá ábúendum um kaup á ábýlisjörðum sínum, sem ekki eru í erfðaábúð, og frv. frá þingmönnum þar að lútandi. Hér er því lagt til, að erfðaábúð sé ekki gerð að skilyrði fyrir kauprétti leiguliða, en öðrum skilyrðum haldið óbreyttum að því undanteknu, að í stað 5 ára ábúðartíma er hér lagt til, að kaupandi hafi búið á jörðinni minnst 1 ár.